

Fundur 25.5.2020 Sigurbjörn Einarsson

Komið þið sælir.

Gleður það mig að tala. Komast í samband aftur. Og vil ég óska öllum á gömlu jörðinni, blessunar og friðar.

Og finnst mér alltaf jafn kærkomið tækifæri að tala aftur við Íslendinga.

*Þakka þér fyrir, velkomin.*

Þakka þér fyrir, finnst mér það enn sem fyrr að það sé takmark mitt, að það sé að tengja hópana.

Og koma á skilningi milli mannanna, og hef ég lært það á nýjum hnetti að stundum er betra að nefna ekki allt með berum orðum en finna það sem trúarbrögðin eiga sameiginlegt.

Og hefur sá erfiði tími sem gengið hefur yfir jörðina, hefur haft áhrif á okkar hnött sömuleiðis.

Og finnst mér ég hafa notið góðs af þjálfun minni og reynslu af jörðinni, við að undirbúa fólk fyrir komu og brottför hérðan.

Og er ég oft að sækja í þann brunn sem ég öðlaðist ungur. Til að skilja þá furðulegu upplifanir .

Og taka þátt í sambandsfundum upp á fjöllum á þessum hnetti.

*Já, mikil orka.*

Já, þakka þér fyrir, ég finn það nú. Þið sem eruð á gömlu jörðinni. Þurfið þess konar reynslu og ég fékk af kenningum Helga og kirkjunnar.

Til þess að láta þann mikla fjölda, skilja ykkar kenningar, sem ekki hefur um þær heyrt.

Mínir synir eru hér komnir fram og eiginkona. Og hef ég þurft að hafa annan fótinn í þeim trúarbrögðum sem enn eru hér all sterk meðal margra.

Til að auðvelda umskiptin fyrir bæði þá sem ég þjónaði á jörðunni og eru hér framkomnir.

Sömuleiðis margir og fjölskyldu meðlimir mínir, sem margir voru bundnir þeirri trú.

Er það orðum aukið, að ég hafi,

*Verið tvístígandi?*

Tvístígandi já, grunar þig hver þetta er?

*Já, Sigurbjörn Einarsson.*

Sigurbjörn Einarsson! já það er rétt.

*(Vertu hjartanlega velkominn, Sigurbjörn. (Eiríkur).)*

*Já, þú þarft að svara fyrir það sem sagt var um þig síðast.*

Já.

*(Þú ert alltaf jafn hress? (Eiríkur).)*

*Eiríkur bíddu.*

Já, ég er hressari en nokkurn tímann fyrr, hér í nýjum líkama.

Já það er satt að á ákveðnum tímapunkti nýlegra atburða. Fór ég býsna langt aftur í gamla farið. Og finnst mér það óhjákvæmilegt að kveðja það ekki. Þar sem hér eru ýmsar kapellur enn þá. Og fólk margt, sem aðhyllist þessi trúarbrögð. Og ég kom líka út af öðru.

Já.

Ég hef unnið með Nýalssinum þessa hnattar við að fræðast um það hvernig unnt sé að taka á móti kristnu fólki sem hingað kemur og úskýra fyrir þeim náttúrulögmál þessa hnattar og gera flutninginn auðveldari.

Já, Já.

Og síðan ég kom á þennan hnött, hef ég látið af þeirri miklu andstöðu, sem ég hafði komið mér upp á mínum embættisárum.

Gagnvart miðilsstarfi og öðrum þesskonar athöfnum.

Og fylgir því að ég hef aftur eftir komuna hingað. Fengið áhuga á mörgum þeim hlutum sem ég sagði skilið við ungur, og þessu tengjast.

Þannig er að manneskja, sem tengist mörgum ykkar hér, vill komast í gegn og hugsanlega get ég aðstoðað við það.

Já, við erum að bíða eftir henni.

Hún er nýfarin yfir já.

Og Sveinn segir að miðillinn treystir sér ekki til þess. En það vantar lítið upp á það núna, að það takist og kannski að hún geti sagt nokkur orð.

Ég verð að koma seinna til að segja ykkur frá lífsreynslu minni á þessum hnetti, það er frá mörgu að segja.

Vertu velkomin (Eiríkur).

Við treystum á að þú hjálpir til.

Sveinn Haraldsson er hér staddur við hliðina á mér. Og hann segir að hún sé búin að ná sér að fullu, og sé tilbúin að koma í gegn en það sé einhver tregða. En það verði hægt að koma á einhverju sambandi, ekki ljóst hversu gott eða lengi það verður.

Við reynum að koma þessu sambandi á og vona að ég hafi gert gagn.

Hef ég frá mörgu að segja síðar.

Verið þið sælir.

Vertu blessaður.